


DEILISKIPULAG - LITLA HRAUN



DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR Mkv. 1:1000

ÁSYNDARMYND - NÚVERANDI BYGGINGAR HVÍTAR OG NYBYGGINGAR APPELSINUGULAR



SNÍÐ A-A' Mkv. 1:500

GREINAGERÐ

SKIPULAGSSVÆÐIÐ – ALMENN ATRIÐI

Fangelsið að Litla hrauni er hluti af jörð sem staðsett er rétt utan við Eyrarbakka í landi Árborgar og er eign ríkisins. Litla hraun er skilgreint inn í aðalskipulagi sem L2 gott landbúnaðarland en heiti svæðisins gefur þó til kynna að þama hefur runnið gamalt hraun og mótað land. Jörðin stendur nærri sjó og er víðsýnt til allra átta og berskjaldað fyrir veðri og vindum. Á vetur er NA áttin ríkjandi en yfir vor- og sumarmánuði er það SV áttin. Svæði fangelsis er mikið raskað land vegna starfsemi þess.

MARKMÍÐ

- Deiliskipuleggja skal hluta jarðarinnar Litla hrauns sem skilgreind er í aðalskipulagi urdir samfélagsþjónustu.
- Að skapa aðlaðandi rými, inni sem úti, sem tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks og skjólstæðinga.
- Tryggja á vel skilgreint og aðgreint aðkomufæði fyrir gesti, starfsfólk, fanga og aðföng.
- Að skapa vel útfærða og samhangandi mannvirkjaheild með sterkum tengingum sem tryggja hagkvæmni og öryggi í daglegum rekstri.
- Að tengi milli starfsmanna-, þjónustu- og dvalarrýma séu útfærð á vel skilgreindan og hagkvæman hátt og að flæði þeirra á milli sé gott.
- Að Ný mannvirki skapi fjölbreytt og aðlaðandi útirými og stuði jafnframt að auðveldari aðgreiningu fanga eftir þörfum.

STÆRD, AFMÖRKUN OG AÐKOMA

Stærð deiliskipulagssvæðisins er 65.400 m² og afmarkast af Hraunteigi í vestri, í norðri, suðri og austri afmarkast lóð 15m frá núverandi öryggisgirðingu. Aðal aðkoma að byggingum er frá Hraunteigi sem færast aðeins sunnar frá því sem nú er. Ný aðkoma fyrir nýja vistmenn, lögreglu- og sjúkrabíla mun verða enn sunnar á Hraunteig. Þjónustuvegur og aðkoma slökkviliðs verður um nýjan vegslóða sunnan megin girðingur sem afmarkar lóð.

VEITUR, LAGNIR, RAFMAGN OG FJARSKIPTI

Fráveita er á lóð sem liggur að frárennisslóð Eyrarbakka. Allt neysluvatn vatnsveitu Árborgar kemur frá lindum sunnan Ingólfssjalls. Vatn er leitt í vatnsgeymi í landi Fosness og þaðan er því dælt um stofnlagnir sem liggja undir Ölfusárbrú að Eyrarbakka. Lagnir liggja meðfram Hraunteig sem tengist, sunnan megin inn á lóð. Hitaveita tengist inn á lóð, norðan megin við hús, frá stofnlögn sem liggur meðfram Hraunteig. Rafmagn tengist inn á lóð frá stofnlögnum meðfram Hraunteig. Ljóstæðari liggur meðfram göngustíg við Eyrarbakkaveg.

FORMINJAR

Ekki er kunnugt um neinar forminjar á svæðinu. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. grein þjóðminjalaga sem samþykkt voru á Alþingi 20.05.2001.

BYGGINGAR – MINJAVERNÐ

Hús (A2) er elsta hús þeirra bygginga sem eru á lóðinni og hannað af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Skipulag þetta skal taka mið af þeim ákvörðun sem minjavernd setur um húsið.

BYGGINGAR – NIDURRIF HÚSA

A8 - Fjóslo verður ríft að mestu en þó verður hluti af veggjum látnir halda sér og verða þeir nýttir sem skjólveggir í lóðarfrágangi.
A9 - Skrifstofuhúsnæði verður flutt burtu af svæðinu.
A10 - Móttökúhús við bilastæði mun verða ríft og fjarlægður.

BYGGINGAREITIR, HÆÐIR HÚSA OG FLATARMÁL HÆÐA

NR.	HEITI	HÆÐIR	M ² HÚSA
A1	- Vistmenn	1 hæð + kjallari	380 + KJALLARI
A2	- Heilsugæsla og viðtalsrými	2 hæðir +kjallari +ris	690
A3	- Vistmenn	2 hæðir	500
A4	- Vistmenn	3 hæðir	1560
A5	- Aðkoma og skrifstofur	1 hæð	350
A6	- Vinnustaður vistmanna	1 hæð	680
A7	- Vinnustaður vistmanna	2 hæðir	630
A11	- Spennistöð	1 hæð	40

Nýir byggingareitir eru 8 og af þeim eru 2 reitir skilgreindir sem stækkun til framtíðar.

NR.	HEITI	HÆÐIR	M ² HÚSA
B1	- Aðkoma og þjónustubygging	2 hæðir	2500
B2	- Fjólotaúhús	2 hæðir	450
B3	- Vardstofa	3 hæðir	450
B4	- Verslun og stækkun á fangadeild	3 hæðir	450
B5	- Vörumótaka	1 hæð	200
B6	- Sorpgeymsla	1 hæð	45
S1	- Stækkun á öryggisdeild	2 hæðir	800
S2	- Stækkun á fangadeild	3 hæðir	1350
T1	- Stigagangur - öryggisleið	2 hæðir	100
T2	- Stigagangur - öryggisleið	3 hæðir	100

BILASTÆÐI

Við aðalinnangang er gert ráð fyrir 26 stæðum fyrir starfsmenn og 26 stæðum fyrir gesti. Þrjú stæði fyrir hreyfihlaða eru næst inngangi aðkomu- og þjónustuhúss. Við inngang vistmanna og sjúkrabíla er komið fyrir 4 skammtmastæðum. Stækkunarmöguleiki er fyrir fleiri stæði og rútur í norðurenda bilastæðis.

FRÁGANGUR Á LÓÐ


Deiliskipulagsvæðið nær 20 m út fyrir núverandi girðingu fangelsis á öllum hliðum nema meðfram Hraunteigs-vegi. Þar sem breyta þarf staðsetningu núvandi öryggisgirðingur meðfram lóð skal vera sett 5m há girðing úr gaddavir og vímeti, innan þessarar girðingur kemur önnur girðing af sömu hæð og gerð samskonar og fyrir er. Á milli girðingar og afmörkun deiliskipulags skal koma fyrir trjágróði til að brjóta niður vind fyrir erfðustu vindáttum. Setja skal blandaðan trjágróður, sigrgrent og lauftré í þyrpingar. Innan lóðar skal koma fyrir gróðri, trjám og runnum en staðsetning og fjöldi þeirra er ekki bindandi en skal vera hluti af hönnun lóðar. Meðfram girðingu að sunnanverðu skal gerður þjónustu- og öryggisvegur fyrir slökkviliðsbíla. Hlið á öryggisgirðingu meðfram lóð skal vera á 4 stöðum. Innastur fyrir starfsfólk og gesti fyrir vistmenn en sjúkrabíla og á hælum starfsmanna á suðurhlíða með öryggisgirðingum. Koma skal fyrir á lóð göngustígum, hlaupaletum, áningarstöðum með bekkjum og borðum, gróðursvæðum til ræktunar ásamt fjólota völlum. Þessi atriði á lóð eru ekki bindandi þættir heldur sýndir sem möguleiki á útfærslu lóðar.

SORP

Á uppdrætti er skilgreindur byggingareitur fyrir sorpskýli fyrir fangelsið. Sorpskýli skal vera í samræmi við byggingareglu nr.112/2012, með síðari breytingum. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Sorphirða fer eftir reglugerðum sveitafélagsins hverju sinni.

HÖNNUN OG UPPDRÆTTIR

Deiliskipulagið er sett upp í mælikvarðanum 1:1000 og notast er við kortagrunn sem er frá Sveitafélaginu Árborg í hnitakerfi ISNET93 og loftmynd frá Loftmyndun ehf.



ADALSKIPULAG ÁRBOGAR 2020-2036. ÞÉTTBYLISUPPDRÁTTUR - EYRARBAKKI

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt af _____

Árborgar þann _____

Tillaga auglýst frá _____ til _____

með athugasemdarfrest til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í _____

B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Framkvæmdarstjóri / bæjarstóri sveitafélagsins Árborgar: _____

SKÝRINGAR:

- Almörkun á deiliskipulagi
- Hús ríft
- Hús fjarlægð
- Nýbygging - stigagangur utan á núv. byggingu
- Byggingareitur
- Byggingareitur - Sorpgeymsla (B6)
- Byggingareitur - nýbygging til framtíðar
- Stærð á byggingarrellt
- Núverandi byggingar
- Heiti húsa og byggingareita
- Hæð húsa á reit (2 hæðir + kjallari + Ris)
- Lóðamörk
- Vegur
- Öryggisgirðingar á lóð - ekki bindandi staðsetning
- Aðalstigar
- Gönguleiðir
- Reiðstigar
- Ljóstæðari
- vötn og tjarnir
- Flóðahætta
- Bilastæði
- Bilastæði fyrir hreyfihlaða
- Græn ásýnd - kvæð um gróðursvæði utan girðingar
- kvæð á gróðri innan girðingar, ekki bindandi staðsetning
- Innan lóðar - gönguleiðir, áningarstaðir, íþróttavellir
- ljóðbelnandi, ekki bindandi staðsetning né fjöldi
- Borhola - Kaldavatnshola
- Innastur - hlið á öryggisgirðingu Inn á fangelsissvæði
- ekki bindandi staðsetning

DAGS. BREYTING TEIKN.

FSRE Framkvæmdasýsla - Ríkiseignir
Borgartún 26, 105 Reykjavík
Kennitala: 910391-2259

Betula
Betula ehf.
Lága Kristín Ólafsdóttir
S:9999988
netfang: betula@betula.is
www.betula.is
F.J.L.A. - Félag íslenskra landslagsarkitekta

LITLA HRAUN
EYRARBAKKI - ÁRBOG
DEILISKIPULAGSTILLAGA

GRUNNMYND			
DAGSETN.	MKV.	HANNAÐ:	TEIKNAD:
16.02.2023	1:1000 A1	LKÓ	LKÓ
VERK NR.	TEIKNING NR.	ÚTGÁFA:	
8200-V078	S101	.	

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGU - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI